



Nefndasvið Alþingis
Efnahags og skattanefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. nóvember 2010

Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, þskj. 217 – 200.mál

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum. BSRB gerir sér grein fyrir umfangi þess efnahagsvanda sem steðjar að þjóðinni. Við lausn hans er hins vegar mikilvægt að veða ekki að því velferðarkerfi sem fyrri kynslóðir hafa byggt upp. BSRB leggst því alfarið á móti áætluðum niðurskurði á barnabótum, framlagi til fæðingarorlofssjóðs og vaxtabótum. Sá niðurskurður mun bitna verst á láglaunafjölskyldum.

Frysting persónuafsláttar næstu ár er þvert á yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um að persónuafsláttur yrði endurskoðaður árlega og myndi breytast í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs næstliðna tólf mánuði. Frystingin þýðir bæði skattahækkun og kaupmáttarrýmun, sérstaklega fyrir verst settu fjölskyldurnar með lægstu launin.

Skertar greiðslur úr fæðingarorlofssjóðnum síðan 2008 samhliða væntanlegum niðurskurði þýða að tekjur fólks í fæðingarorlofi hafa snarlækkað samhliða hækkun verðlags. Kaupmáttur fólks í fæðingarorlofi hefur því hrunið. Einnig má ætla að skerðingarnar muni hafa þau áhrif að feður hætti frekar við að fara í fæðingarorlof.

Barnabætur eru hluti af sanngjarnri tekjudreifingu. Skerðing þeirra skerðir ekki einungis kaupmátt ráðstöfunartekna barnafjöldskyldna heldur er einnig óbein hækkun tekjuskatts.

Hjá núverandi fasteignaeigendum mun niðurskurðurinn á vaxtabótum væntanlega auka á skuldavanda heimilanna. Skertar vaxtabætur munu einnig draga úr eftirspurn á húsnæði til eignar og auka eftirspurn eftir leiguhúsnæði. Líta má á niðurskurðinn sem hækkun tekjuskatts þar sem ráðstöfunartekjur fasteignaeiganda rýrna.

Við ákvörðun fjárlaga eru margir valkostir. Þessir valkostir hafa áhrif á hvers konar samfélag við mótum. Það er skoðun BSRB að eins og ástandið í samfélaginu er í dag þurfi að standa vörð um velferðarkerfið. Í stað niðurskurðar á fæðingarorlofssjóði, barnabótum og vaxtabótum, um allt að 2,17 milljarða, leggur BSRB til að fjármagna óbreytta þjónustu með því að hækka fjármagnstekjuskattinn. Samkvæmt útreikningum yrðu áætluð tekjuáhrif hækkunar fjármagnstekjuskatts úr 18% í 23%, 2,25 milljarðir króna.

Fyrir hönd BSRB

Handwritten signature of Helga Jónsdóttir in black ink.
Helga Jónsdóttir
framkvæmdastjóri